



Fastvaxtareikningur

Landsbankinn hf. | Nr. 1515-05 | Maí 2020

Stofnun

- » Stofna þarf nýjan reikning fyrir hvert innlegg.
- » Lágmarksinnlegg á reikning er 500.000 kr..
- » Innlegg umfram 100.000.000 kr. er háð samþykki Landsbankans.
- » Skilyrði fyrir stofnun er að innlegg sé lagt inn samdægurs.

Binditími

- » Viðskiptavinur hefur við stofnun reiknings val um hvort innstæða ásamt vöxtum sé bundin í 3, 6, 12, 24, 36 eða 60 mánuði frá stofnun reiknings.

Ávöxtun

- » Fastvaxtareikningur er óverðtryggður greiðslureikningur.
- » Innborganir bera vexti frá og með innborgunardegi og að útborgunardegi (útborgunardagur ber ekki vexti).
- » Vextir eru lagðir við höfuðstól í lok binditíma. Ef binditími er lengri en 12 mánuðir eru vextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá stofndegi reiknings.
- » Vextir eru fastir út binditíma reikningsins.
- » Áfallnir og bókaðir vextir eru ekki lausir til útborgunar fyrr en að loknum binditíma.

Útborgun

- » Að loknum binditíma er reikningurinn eyðilagður.
- » Innstæða ásamt vöxtum að frádregnum fjármagnstekjuskatti, ráðstafast inn á sama reikning og reikningseigandi notaði við innlögn á Fastvaxtareikningum við stofnun.
- » Ráðstöfunarreikningur verður að vera í Landsbankanum og í eigu sama viðskiptavinar og Fastvaxtareikningurinn.

Úttektargjald

- » Úttektargjald reiknast ef reikningur er eyðilagður áður en binditíma er náð og fjárhæð er laus til útborgunar.
- » Úttektargjald fer samkvæmt ákvörðun Landsbankans sem birt er í vaxtatöflu hverju sinni.

Aðrir skilmálar

- » Að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans*.